



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

30. maí 2013

Mál nr. S-663/2012:
Ákærandi: Sérstakur saksóknari
(Ólafur Þór Hauksson sérstakur saksóknari)

Ákærðu: Lýður Guðmundsson
(Gestur Jónsson hrl.)
Bjarnfreður H Ólafsson
(Þorsteinn Einarsson hrl.)

Dómari: Arngrímur Ísberg héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 30. maí 2013 í máli nr. S-663/2012:

Ákærvaldið

(Ólafur Þór Hauksson sérstakur saksóknari)

gegn

Lýð Guðmundssyni

(Gestur Jónsson hrl.) og

Bjarnfreði Ólafssyni

(Þorsteinn Einarsson hrl.)

I

Málið, sem dómtekið var 8. maí síðastliðinn, var höfðað með ákæru sérstaks saksóknara, útgefinni 19. september 2012 á hendur „Lýði Guðmundssyni, kt. 170767-5199, með lögheimili í Bretlandi og Bjarnfreði H. Ólafssyni, kt. 171167-5079, Suðurlúsum 5, Reykjavík, fyrir eftirtalin brot gegn lögum um hlutafélög:

I.

Á hendur ákærða Lýði fyrir að hafa hinn 8. desember 2008, sem stjórnarmaður einkahlutafélagsins BBR, kt. 591108-0850, brotið vísvitandi gegn ákvæðum laganna um greiðslu hlutfjár með því að greiða hlutafélaginu Exista, kt. 610601-2350, minna en nafnverð fyrir 50 milljarða nýrra hluta í Exista hf., að nafnverði 50 milljarða króna, sem BBR ehf. keypti sama dag og greiddi fyrir með 1 milljarði hluta í einkahlutafélaginu Kvakki, kt. 591108-0690, sem metnir voru á 1 milljarð króna, en á sama tíma var ákærði Lýður starfandi stjórnarformaður Exista hf. BBR ehf., sem þannig eignaðist 50 milljarða hluta í Exista hf., var í eigu einkahlutafélagsins Korks, kt. 420604-2030. Ákærði Lýður var stjórnarmaður Korks ehf. auk þess sem hann var eigandi félagsins ásamt bróður sínum, Ágústi Guðmundssyni.

Telst ofangreind háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 16. gr., sbr. 2. tl. 1. mgr. 153. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, með síðari breytingum.

II.

Á hendur ákærðu Lýði og Bjarnfreði fyrir að skýra vísvitandi rangt og villandi frá hækkun á hlutfé Exista hf. með því að ákærði Bjarnfreður sendi hinn 8. desember 2008, að undirlagi ákærða Lýðs, tilkynningu til hlutafélagaskrár (fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra), Laugavegi 166, Reykjavík, þar sem ranglega kom fram að hækkun á hlutfé Exista hf., að nafnverði 50 milljarða króna, hefði að fullu verið greidd til félagsins þótt einungis hefði verið greitt fyrir hlutféð með 1 milljarði hluta í Kvakki ehf. að verðmæti 1 milljarðs króna, eins og í I. tölulið greinir.

Telst ofangreind háttsemi ákærðu varða við 1. tl. 1. mgr. 153. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Að auki er þess krafist að ákærði Bjarnfreður verði, með vísan til 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961, sviptur réttindum til að vera héraðsdómslögmaður.“

Ákærðu neita sök og krefjast sýknu. Þess er krafist að málsvarnarlaun verði greidd úr ríkissjóði, en annan kostnað leiddi ekki af rekstri málsins.

II

Málavextir eru þeir að á hluthafafundi í Exista hf. 30. október 2008 var ákveðið að heimila stjórn félagsins að hækka hlutafé þess um allt að 50.000.000.000 króna. Á fundi stjórnar félagsins 4. desember sama ár kom fram að nauðsynlegt væri að afla nýs hlutafjár til að geta greitt vexti af sambankaláni er væri á gjalddaga 5. sama mánaðar. Síðan segir í fundargerðinni: „Þar sem félagið býr ekki við þann munað að hafa tiltækan tíma til að finna lausnir, hafa Lýður Guðmundsson og Ágúst Guðmundsson boðist til að leggja þetta fé fram persónulega gegnum eignarhaldsfélag sem þeir hafa stofnað.“ Stjórnin hóf nú umræður um þetta og viku framangreindir bræður af fundi, en annar stjórnarmaður tók við fundarstjórn af ákærða Lýð, stjórnarformanni félagsins. Hann bað „stjórnarmenn að ræða og álykta um tillögu um aukningu hlutafjár í Exista um 50.000.000.000 í tengslum við kaup á 1.000.000.000 hlutum í Kvakki ehf., kennitala 591108-0690, einkahlutafélag sem starfar á Íslandi með það að markmiði að styrkja hlutafjárgrunn Exista. Seljandi Kvakks er BBR ehf. rg. Nr. 591108-0805, Ármúla 3, 108 Reykjavík, eigendur Ágúst Guðmundsson og Lýður Guðmundsson, stjórnarmenn í Exista. Frá stofnun hefur Kvakkur ekki verið með neina starfsemi. Samtölur á efnahagsreikningi (ISK) eru: Heildareignir: Handbært fé 1.000.000.000 og hlutafé 1.000.000.000.“

Eftir að hafa rætt þessi mál ályktaði stjórnin að það þjónaði hagsmunum félagsins best, miðað við aðstæður, að ganga til viðræðna við BBR ehf. í tengslum við kaup á 1.000.000.000 hlutum í Kvakki ehf. „og í kjölfar þess að auka hlutafé félagsins í ISK 50.000.000.000 með tilliti til hlutanna.“ Þá kemur fram að stjórninni var kunnugt um fjárhagslega stöðu Kvakks og að engin starfsemi hafi verið í því frá stofnun. Stjórnin fól framkvæmdastjórum félagsins að sjá um framkvæmd málsins, ræða við seljanda og undirrita öll skjöl í tengslum við hlutafjáraukninguna og kaupin á hlutunum.

Í lok fundargerðarinnar er eftirfarandi bókað: „Í tengslum við möguleg kaup og greiðslu kaupverðs mun stjórnin samkvæmt 4. grein stofnsamþykktá félagsins auka nafnvirði hlutafjár félagsins um ISK 50.000.000.000 með áskrift nýrra hluta. Nýju hlutirnir tilheyra sama flokki og þeim fylgja sömu réttindi og öðrum hlutum í félaginu. Staðfesting frá endurskoðanda félagsins, Deloitte hf., sem staðfestir fullnægjandi virði hinna keyptu hluta var einnig lögð fyrir stjórnina. Samkvæmt 4. grein hafa hluthafar félagsins afsalað sér forakupsrétti á nýju hlutunum. Ef viðræður leiða til kaupa á hlutunum skal seljandi skrifa sig fyrir öllum 50.000.000.000 hlutunum sem greiðslu fyrir hlutina í Kvakki. Áskriftin skal fara fram eigi síðar en 31. desember, 2008 og greiðsla við áskrift. Nýju hlutirnir verða greiddir samtímis áskriftinni með afhendingu hlutanna til félagsins eins og lýst er í SPA með seljanda. Hlutafjárukningin verður að því loknu og eigi síðar en 31. desember, 2008, skráð í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og að því loknu í lögboðnar bækur félagsins og hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Að því loknu verða hlutirnir framseldir seljanda.“

Loks er bókað að LOGOS lögmannsstofu verði falið og heimilað að undirrita öll nauðsynleg skjöl í tengslum við opinbera skráningu og skrásetningu í tengslum við hlutafjárukninguna og kaupin á hlutunum.

Með kaupsamningi 8. desember 2008 keypti Exista hf. 1.000.000.000 hluta í Kvakki ehf. af BBR. ehf. fyrir 50.000.000.000 hluta í Exista hf. og skyldi kaupverðið að fullu greitt við undirritun samningsins. Undir samninginn ritar ákærði Lýður fyrir hönd BBR. ehf. en framkvæmdastjórar Exista hf. fyrir hönd félagsins.

Í samræmi við framangreint var Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra send tilkynning 8. desember 2008 um hækkun á hlutafé í Exista hf. og breytingar á samþykktum. Meginefni tilkynningarinnar er eftirfarandi: „Hér með er tilkynnt til Fyrirtækjaskrár að á stjórnarfund í Exista hf., kt. 610601-2350, Ármúla 3, 108 Reykjavík, sem haldinn var þann 4. desember, var samþykkt að nýta heimild 4. gr. samþykktá félagsins til að hækka hlutafé félagsins um kr. 50.000.000.000 að nafnvirði. Hinir nýju hlutir tilheyra sama flokki og eldri hlutir og hafa verið greiddir að fullu til félagsins, sbr. meðfylgjandi sérfræðiskýrslu og staðfestingu endurskoðanda.

Eftir breytinguna er 1. mgr. 4. gr. samþykktá félagsins svohljóðandi: „Hlutafé félagsins er 64.174.767.632 krónur að nafnverði, sem skiptist í einnar krónu hluti. Fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutafé á hluthafafundi. Hlutaféð er ekki flokkaskipt.“

Í lok tilkynningarinnar segir að LOGOS lögmannsþjónustu hafi verið falið að annast tilkynningu til Fyrirtækjaskrár og ritar ákærði Bjarnfreður undir tilkynninguna. Þetta er tilkynningin sem um getur í II. kafla ákæru.

Í tilkynningunni er vitnað til sérfræðiskýrslu og staðfestingar endurskoðanda. Er þar um að ræða skjal frá Hilmarí A. Alfreðssyni, endurskoðanda hjá Deloitte, sem

dagsett er 8. desember 2008 og ber yfirskriftina: Skýrsla endurskoðanda vegna hlutafjárhækkunar Exista hf. Í skýrslunni segir að ákveðið hafi verið að „hlutafé félagsins hækki að nafnverði um kr. 50.000.000.000 og með því verði heildarhlutafé félagsins kr. 64.174.767.632. Tillaga stjórnar gerir ráð fyrir að hlutafé félagsins verði því næst lækkað á hluthafafundi félagsins fyrir lok árs 2008 um kr. 62.891.272.279 til jöfnunar taps þannig að alls heildarhlutafé félagsins að því loknu verði kr. 1.283.495.353 sem skiptist þannig að kr. 1.000.000.000 verður nýtt hlutafé skv. framangreindri hækkun. Með þessu munu eigendur hins nýja hlutafjár eiga 77,9% eignarhlut í félaginu og eigendur eldra hlutafjár 22,1%.“ Síðan segir að sem endurgjald fyrir 77,9% hlutinn í Exista leggi BBR ehf. fram allt hlutafé í Kvakki ehf., alls að nafnvirði 1.000.000.000 króna. Það var niðurstaða endurskoðandans að hluturinn í Kvakki ehf. svaraði að lágmarki til endurgjalds fyrir 77,9% hlut í Exista.

Ríkisskattstjóri tilkynnti sérstökum saksóknara með bréfi 22. september 2009 að Fyrirtækjaskrá hefði borist framangreind tilkynning frá 8. desember 2008 og hefði hún verið tekin til athugunar í júní 2009. Fyrirtækjaskrá kvað upp úrskurð í málinu 29. júní og í úrskurðarorði kemur fram „að tilkynning um hlutafjárhækkun í Exista hf. frá 8. desember 2008, sé ólögmæt“. Enn fremur segir að Fyrirtækjaskrá muni bakfæra tilkynninguna og „lækka skráð hlutafé hjá Exista hf. niður í þá fjárhæð sem opinberlega var skráð, áður en þeirri fjárhæð var breytt með“ tilkynningunni.

Áður en úrskurðurinn var kveðinn upp, eða 25. júní, hafði lögmaður Exista hf. tilkynnt Fyrirtækjaskrá að félagið afturkallaði tilkynninguna frá 8. desember. Jafnframt var tekið fram að sú ráðagerð sem fram komi í skýrslu endurskoðandans, og varði lækkun hlutafjár, muni koma til framkvæmda við fyrsta tækifæri og sé fyrirhugað að kalla saman hluthafafund.

Af hálfu sérstaks saksóknara var efnt til allvíðtækrar rannsóknar á málinu þar sem 8 manns höfðu stöðu sakborninga, þar á meðal ákærðu í málinu. Ákæran er byggð á þessari rannsókn.

III

Ákærði Lýður kvaðst hafa verið starfandi stjórnarformaður Exista hf. á þeim tíma sem hér um ræðir. Hann hafi einnig verið stjórnarmaður BBR ehf. og átt, ásamt bróður sínum, einkahlutafélögin Kvakk og Kork.

Ákærði neitar sök og við aðalmeðferð bar hann að í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 hefði Exista lent í verulegum erfiðleikum eins og mörg önnur hlutafélög. Í lok október hefði verið haldinn hluthafafundur þar sem farið hefði verið fram á heimild til að auka hlutafé félagsins og í framhaldinu hefði náðst samkomulag um uppgjör á skuldum félagsins við Nýja Kaupþing. Þá hafi verið eftir að ná samkomulagi við erlenda kröfuhafa. Í lok nóvember hafi verið haldinn stjórnarfundur

og þá hefðu stjórnendur félagsins upplýst að 5. desember væri skuld á gjalddaga sem félagið ætti ekki fyrir. Reynt hefði verið að fá stærstu hluthafana til að leggja fram aukið hlutafé en enginn hefði verið fánlegur til þess. Ákærði kvað sig og bróður sinn, Ágúst, hafa verið stærstu hluthafana og hefðu þeir ákveðið að leggja fram meira fé. Þetta fé hefðu þeir fengið að láni gegn veði í eignum sínum. Í framhaldinu hefði verið haldinn stjórnarfundur í félaginu og hefði þar verið ákveðið að semja við þá bræður. Síðan hefðu sérfræðingar verið fengnir til að ganga frá þessu eins og tíðkanlegt hafi verið í félögum sem ákærði hafi stjórnað. Varðandi ákærufni I. kafla kvaðst ákærði hafa greitt sannvirði fyrir hlutinn eins og endurskoðendur hefðu staðfest og eins hefði Fjármálaeftirlitið samþykkt þetta. Nánar tiltekið kvað ákærði BBR ehf. hafa greitt 50 milljarða nýrra hluta í Exista með hlutafé í Kvakki að verðmæti 1 milljarður. Hann kvað þetta fé hafa verið fengið að láni hjá Lýsingu sem hafi verið í eigu Exista. Stjórn félagsins hefði gefið út nýtt hlutafé í félaginu og ákærði og bróðir hans hefðu sett milljarð króna inn í einkahlutafélagið Kvakk. Síðan hefðu orðið skipti á hlutafénu í þessum félögum, þeir hefðu afhent hlutabréfin í Kvakki og fengið í staðinn hlutabréfin í Exista eins og kaupsamningur hefði kveðið á um.

Varðandi II. kafla ákæru kvaðst ákærði einnig neita sök, enda hefði hann engan þátt átt í að senda tilkynninguna. Hann kvaðst ekki vita hvað ákæruvaldið ætti við með því að tilkynningin hefði verið send að undirlagi hans. Hann kvaðst fyrst hafa séð tilkynninguna í yfirheyrslu í júní 2012. Nánar spurður um þetta kvaðst hann ekki geta upplýst annað en að meðákærði hefði unnið mikið fyrir Exista og eins væru þeir tveir vinir. Ákærði ítrekaði að umræddir 50 milljarðar hefðu aldrei verið greiddir inn í Exista. Hann tók einnig fram að eftir að Fyrirtækjaskrá hefði ákveðið að bakhæfa ákvörðun sína hefði félagið ákveðið að draga hana til baka, en engu að síður hefði Fyrirtækjaskrá afturkallað hana sérstaklega.

Ákærði kvað niðurstöðuna hafa orðið þá að kaupin á hlutabréfunum hefðu gengið til baka. Þeir bræður hefðu fengið peningana til baka og hefðu notað þá til að gera upp lánið hjá Lýsingu. Eftirleikurinn hefði hins vegar verið sá að þeir hefðu á endanum misst Exista í hendur kröfuhafa.

Ákærði Bjarnfreður neitaði sök og bar við aðalmeðferð að í byrjun desember hefði komið beiðni frá Exista um að huga að ýmsum málum varðandi félagið. Hann kvað það ekki hafa verið nýtt, enda hefði um skeið legið í loftinu að hækka ætti hlutafé félagsins. Ákærði kvað LOGOS hafa sinnt ýmsum störfum fyrir Exista í aðdraganda hækkunarinnar og hefði hann og aðrir starfsmenn verið í sambandi við starfsmenn félagsins. Þá kvaðst ákærði hafa mætt á fund hjá Deloitte að morgni 4. desember og hefði hann skilið það svo að starfsmenn Exista hefðu verið að sækja sér ráðgjöf hjá fyrirtækinu varðandi hækkunina. Hann kvað erindi sitt á fundinn hafa verið annars vegar að geta um 16. gr. hlutafélagalaganna og hins vegar að LOGOS

myndi ekki gefa út lögfræðialit um hækkunina heldur væri um að ræða ráðgjöf af þeirra hálfu. Á fundinum hafi verið starfsmenn Deloitte og hafi þeir verið að sýna sérfræðiskýrslu endurskoðanda og fundarmenn verið að ræða orðalag hennar. Ákærði kvaðst hafa spurt hvort menn könnuðust ekki örugglega við nefnda 16. gr. og fengið þau svör að svo væri „og menn væru bara komnir fram hjá því“. Hann kvaðst ekki hafa verið lengi á fundinum og þegar hann kom á skrifstofu sína hefði hann sent tölvupóst á þá starfsfélaga sína sem höfðu komið að þessu máli. Í póstinum hefði hann lýst því sem gerðist á fundinum, en það hafi verið „að Deloitte ætlaði að vera með rúmt orðaða skýrslu og reyna á þá túlkun og sjá hvort hún færi í gegn eða ekki. Menn ætluðu að vera tilbúnir með gagnrök ef Fyrirtækjaskrá myndi ekki samþykkja þessa túlkun félagsins og endurskoðanda þess.“ Næst kvaðst ákærði hafa fengið tölvupóst frá starfsmanni félagsins þar sem fram hafi komið að endurskoðandinn væri tilbúinn „að kvitta upp á pappírana“ og eins hafi komið póstur með spurningu um hvort LOGOS geti tekið á móti greiðslu en endurskoðandinn hefði þurft „að fá staðfestingu á því að milljarðurinn sé kominn inn“. Ákærði kvað þetta reyndar hafa verið í samræmi við tölvupóst er hann hafi fengið kvöldinu áður frá starfsmanni Exista þar sem greint hafi verið frá niðurstöðum fundarins með starfsmönnum Deloitte, það er „að þeir myndu gefa út skýrsluna gegn því að við staðfestum milljarð, þannig að þetta var allt saman eins og venjulegur undanfari að sérfræðiskýrslu, það þarf að fá staðfestingu á þessum greiðslum“. Skömmu síðar kvaðst ákærði hafa fengið tölvupóst frá endurskoðandanum með orðunum: „Meðfylgjandi er sérfræðiskýrslan“ og undir póstin skrifaði endurskoðandinn með kveðju. Eftir að hafa farið yfir skýrsluna kvaðst ákærði hafa beðið fulltrúa sinn að fara með tilkynningu til Fyrirtækjaskrár og þremur klukkutímum síðar hafi komið staðfesting á að búið væri að færa efni hennar inn.

Varðandi tilkynninguna, sem ákærði er ákærður fyrir að hafa sent, kvað ákærði hana hafa verið rétta og hafa skýrt frá því sem hafði gerst. Hann hafi einungis verið að tilkynna það sem umbjóðandi hans, stjórn Exista, hafði ákveðið að gera, það er að selja hluti í félaginu á sanngjörnu verði samkvæmt ráðgjöf er stjórnin hafði fengið um að væri löglegt. „Þetta var ákvörðun sem var löglega tekin af félaginu og ég gat bara ekkert annað gert en að tilkynna þetta.“ Tilkynningin sé alveg rétt og í henni sé vísað í sérfræðiskýrsluna. Hefði hann tilkynnt um eitthvað annað hefði tilkynningin verið röng. Nánar spurður um hlutafjárhækkunina bar ákærði að hann hefði skilið skýrsluna svo að 50 milljarðar hefðu komið inn í félagið. Hann hefði skilið það svo „að það væri niðurstaða endurskoðenda að þetta væri rétt mat út af hlutafjárhækkun Exista. Menn væru að láta reyna á rúma túlkun 16. gr., það er að það mætti horfa á lækkunina sem kæmi í kjölfarið líka í staðinn fyrir að það yrði gert á undan því niðurstaðan yrði sú sama.“ Hann kvað að vísu hafa verið efasemdir hjá LOGOS um að Fyrirtækjaskrá myndi fallast á þessa túlkun og hefði hann verið sammála þeim efasemdum.

Ákærði kvað meðákærða engan þátt hafa átt í að senda tilkynninguna og þeir hefðu ekki verið í samskiptum vegna hennar. Tilkynningin hefði ekki verið send að undirlagi meðákærða.

Endurskoðandinn, sem samdi framangreinda skýrslu, kvaðst hafa farið á fund starfsmanna Exista 3. desember ásamt tveimur öðrum frá Deloitte. Þar hefði þeim verið sagt frá hlutafjárukningunni og hefði ætlunin verið að Deloitte semdi sérfræðiskýrslu um hækkunina. Henni var lýst þannig að það ætti að hækka hlutafé Exista um 50 milljarða og ætti að greiða það með félagi sem heitir Kvakkur og það væri BBR sem myndi leggja fram þessa hlutafjárukningu upp á þessa 50 milljarða með einkahlutfélaginu Kvakki. Endurskoðandinn kvað afstöðu Deloitte til þessarar beiðni um að útbúa sérfræðiskýrslu hafa verið þá að segja að samkvæmt hlutafélagalögunum þyrfti að koma króna fyrir krónu, þannig að það gæti ekki gengið að hækka hlutafé Exista um 50 milljarða með einum milljarði. Það samrýmdist ekki hlutafélagalögunum að framkvæma hlutafjárhækkun þannig. Afstaða Deloitte hafi komið skýrt fram, þeir gætu ekki skrifað upp á þessa 50 milljarða hækkun en málin hefðu þróast þannig að þeir gætu staðfest þarna tvo hluti. Það var annars vegar að virði Kvakks væri einn milljarður ef þeir fengju staðfestingu á bankainnistæðu eða eitthverju slíku sem félagið ætti og hins vegar gætu þeir staðfest að virði Exista væri ekkert. En það var vitað á þessum tíma eftir bankahrunið að stærsta eign félagsins var verðlaus og að virði Exista hlyti þá að vera ekki neitt. Endurskoðandinn kvað ákveðna tímapressu hafa verið á þessu máli enda komið að gjalddaga skuldar eftir einn eða tvo daga. Hann kvaðst hafa talað í síma við ákærða Lýð og í því símtali sagt honum að Deloitte gæti ekki samið sérfræðiskýrslu um hækkunina en það gæti staðfest tvö framangreind atriði í skýrslu. Ákærði hefði svarað að það nægði og með því hefði samtalinu lokið. Varðandi samskipti við ákærða Bjarnfreð kvað endurskoðandinn hann hafa komið á fund daginn eftir og honum hefði verið sagt að Deloitte gæti ekki skrifað upp á þetta, staðfest þessa 50 milljarða. Hann kvaðst muna eftir því að einhver frá Deloitte hefði spurt ákærða að því hvort að hann ætlaði að skrifa upp á hækkunina og hefði þá verið átt við tilkynningu til Fyrirtækjaskrár. Ákærði hefði leitt það hjá sér að svara því. Að öðru leyti hefðu engin samskipti verið við ákærða Bjarnfreð. Endurskoðandanum var sýndur tölvupóstur þar sem fram kemur að hann kallar skýrsluna sérfræðiskýrslu og kvaðst hann vera sérfræðingur og hafa samið hana sem slíkur.

Annar endurskoðandi hjá Deloitte bar á sama hátt og fyrrgreindur endurskoðandi um fundi með starfsmönnum Exista, svo og um fundarefnið. Hann kvað þá hafa talað um það á einhverjum af þessum fundum að eðlilegri leið í þessu væri að byrja á að lækka hlutaféð og hækka það síðan með þessu, þá hefði nafnverðið verið orðið rétt miðað við verðmæti Exista á þeim tíma. Hann kvaðst ekki hafa verið

upplýstur um af hverju sú leið var ekki farin. Hann kvaðst hafa lesið yfir skýrsluna og litið svo á að hún væri staðfesting fyrir stjórn Exista á því að þau verðmæti sem til stæði að leggja inn í félagið væru einn milljarður og það jafngilti þessum 77,9% hlut í Exista. Hann kvað það ekki hafa borið á góma að skýrslan yrði send til Fyrirtækjaskrár, enda hefðu þeir sagt allan tímann að Deloitte myndi ekki staðfesta þessa hlutafjárhækkun.

Lögfræðingur, sem starfaði hjá Deloitte á þessum tíma, bar að á fundi í desember með starfsmönnum Exista hefði verið farið yfir þær hugmyndir að hækka hlutaféð um 50 milljarða að nafnvirði. Eftir því sem leið á fundinn hefðu þó vaknað efasemdir um að þessi aðferðafræði, sem starfsmenn Exista hugðust beita, myndi standast hlutafélagalöggjöfina. Framangreindir endurskoðendur og lögfræðingurinn hefðu síðan hist aftur og rætt málin. Niðurstaðan hefði orðið sú að það væri ekki hægt að gefa út sérfræðiskýrslu í samræmi við hlutafélagalöggjöfina, en það væri hægt að staðfesta það að milljarður svaraði til verðmætis fyrir hlutinn, það er að milljarður væri alveg fullnægjandi greiðsla fyrir 77% hlut í Exista á þessum tíma. Þessi milljarður hefði átt að vera hlutafé í einkahlutafélagi sem var ekki með rekstur en átti þó þessa fjárhæð á bankareikningi. Skýrslan sem Deloitte samdi var til þess að staðfesta verðmæti Exista en var ekki sérfræðiskýrsla í skilningi hlutafélagaganna.

Annar þáverandi forstjóri Exista bar að í byrjun desember hefðu kröfuhafar félagsins kallað mjög ákveðið eftir stuðningi stærstu eigenda þess við það og eins hefði verið vaxtagjalddagi á sambankaláni þann 5. Hann kvaðst sjálfur hafa átt hugmyndina að því hvernig greitt var fyrir hlutafjárhækkunina, en hann hefði hins vegar ekki verið í samskiptum við endurskoðanda eða lögmenn vegna þess. Hann kvaðst hafa litið svo á að þetta væri eina leiðin til að koma réttum verðmætum milli þessara tveggja aðila og að Exista væri að selja hlutafé á nafnvirði 50 milljarðar gegn gjaldi, einum milljarði í Kvakki. Um sambærileg verðmæti hefði verið að ræða. Hann kvaðst hafa farið á fund í Fyrirtækjaskrá og þar hafi komið fram að hún hygðist fella niður skráninguna. Eftir það hefði verið ákveðið að kaupin gengju til baka og hefði umræddur milljarður verið endurgreiddur.

Hinn forstjórinn bar efnislega á sama hátt og fram er komið um fjárhagsstöðu Exista á þessum tíma. Hann kvaðst hafa litið á skýrslu Deloitte sem sérfræðiskýrslu. Þá bar hann á sama hátt og hinn forstjórinn um að kaupin hefðu gengið til baka.

Þáverandi fjármálastjóri Exista staðfesti slaka fjárhagsstöðu félagsins á þessum tíma. Einnig bar hann að það hefði skipt miklu máli í samskiptum við kröfuhafa að aðaleigendur félagsins hefðu sýnt í verki að þeir styddu við bakið á félaginu á erfiðum tímum

Starfsmaður á fjármálasviði Exista bar að hafa verið á einum fundi í desember ásamt öðrum starfsmanni Exista og framangreindum endurskoðendum og lögfræðingi frá Deloitte. Tilefni fundarins var að Exista var að biðja um sérfræðiskýrslu þar sem til stóð að hækka hlutafé félagsins í öðru heldur en reiðufé. Það kallaði þá á sérfræðiskýrslu endurskoðanda. Hækkunin hefði átt að vera 50 milljarðar og endurgjaldið hlutafé í Kvakki að andvirði eins milljarðs. Hann kvað starfsmenn Deloitte hafa fallist á að semja sérfræðiskýrslu sem staðfesti 50 milljarða hækkun með greiðslu upp á 1 milljarð. Hann kvaðst hafa litið þannig á að þetta væri sérfræðiskýrsla samkvæmt 6. gr. hlutafélagalaganna þar sem verið væri að staðfesta innborgað hlutafé í öðru heldur en reiðufé.

Þá komu fyrir dóm lögfræðingar, er unnu hjá Exista á þessum tíma, og báru á sömu lund og önnur vitni um aðdraganda þess sem er ákæruefnið. Bróðir ákærða Lýðs, sem var í stjórn Exista á þessum tíma, gat ekkert borið um málsatvik, nema hvað hann staðfesti bága fjárhagsstöðu félagsins í kjölfar bankahrunsins.

Einn af stjórnarmönnum Exista bar, eftir því sem hann taldi sig muna best, að stjórnendur félagsins hefðu fengið sérfræðimat frá endurskoðendum félagsins um að sú leið, sem farin var við hækkun hlutafjárins, væri lögleg og fær. Hann kvaðst ekki muna hvort skýrsla Deloitte hefði verið lögð fram eða kynnt munnlega af stjórnendum félagsins.

Annar stjórnarmaður í Exista bar um stjórnarfund félagsins á sama hátt og fram er komið og þar með hvernig greiða átti fyrir hlutaféð. Hann kvað félagið hafa verið í tímaþröng og brýnt hefði verið að afla aukins fjár hið fyrsta.

Þáverandi bankastjóri Nýja Kaupþings banka bar að Exista hefði skuldað bankanum fé á þessum tíma og bankinn hefði kallað eftir frekari veðum til tryggingar skuldinni. Það næsta sem hann hefði svo vitað var að það hafði orðið breyting á eignarhaldi Exista þannig að hlutur bankans, sem tekinn hafði verið að veði, var orðinn miklu minni en áður hafði verið talið. Þannig að það hafi verið búið að rýra veðstöðu bankans og það hefði gerst mjög fljótlega eftir að veðkallið var sent. Bankinn hefði verið með veð í um helmingi hlutabréfa Exista en við þennan gjörning hefði hlutfallið farið niður í um 10% og þannig hefði veðstaða bankans augljóslega rýrnað. Hann kvaðst ekki muna betur en að þessu hefði verið mótmælt. Eins hefðu verið samskipti við Fyrirtækjaskrá til þess að ganga úr skugga um hvernig þetta hefði verið gert og hvernig í ósköpunum hefði staðið á því að Fyrirtækjaskrá hefði heimilað þetta því lögfræðingum bankans hefði þótt þetta strax mjög undarlegt.

Starfsmaður á útlánasviði bankans bar að ef bankinn hefði fylgt veðkallinu eftir hefði hann eignast um 40% hlut í Exista og þar með orðið stærsti hluthafinn og ráðandi í félaginu.

Lögfræðingur, sem starfaði hjá banknum, bar að afleiðingar atburðarásarinnar, sem hefði farið af stað eftir veðkallið, hefðu verið „eins og þetta horfði við okkur þá var bankinn bara þynntur út. Sá hlutur sem var veðsettur, hann var þynntur út, þannig að það var enginn möguleiki á inngripi eða neinu slíku.“

Annar lögfræðingur bankans bar að stjórn Kaupþings á þessum tíma hefði ekki verið sátt við að verið væri að gera þetta með þessum hætti, það er að verið væri „að hækka hlutfé um 50 milljarða og greiða fyrir það einn milljarð. Það væri verið að nýta hækkunarheimildina í samþykktunum með þessum hætti. Á sama tíma og í andstöðu við þá, stóran kröfuhafa í félaginu.“ Lögfræðingurinn kvaðst hafa haft samskipti við Fjármálaeftirlitið og Kauphöllina vegna þessa og í þeim samskiptum hefði komið í ljós að þessir aðilar vissu að 50 milljarða hlutfé í Exista hefði farið út og einn milljarður af verðmætum komið í staðinn. Það hefði verið það sem hann hefði verið að mótmæla þegar hann hefði haft samband við þessar stofnanir. Hann kvað engin viðbrögð hafa komið frá þeim. Þá kvaðst hann ekki hafa verið ósáttur við tilkynninguna sjálfa sem send var Fyrirtækjaskrá, heldur við það sem til stóð að gera.

Lögmaður hjá LOGOS bar að stofan hefði tilkynnt um hækkun hlutfjár en ekki staðfest neitt í þeim efnum, enda ekki í verkahring hennar að gera það. Lögmaðurinn kvaðst hafa samið tilkynninguna og notað til þess form úr safni stofunnar. Lögmaðurinn hefði ekki sent hana vegna veikinda og þess vegna hefði ákærði Bjarnfreður gert það. Varðandi skýrsluna frá Deloitte kvað lögmaðurinn hana vera sérfræðiskýrslu í skilningi hlutafélagalaganna, enda hefði endurskoðandi sent hana með tölvupósti og sagt að meðfylgjandi væri sérfræðiskýrsla. Tveir aðrir lögmennt af lögmannsstofunni komu fyrir dóminn og báru efnislega á sama hátt.

Lögmaður, sem fór á fund Fyrirtækjaskrár með framangreindum forstjóra, bar að vegna fjölmiðlaumfjöllunar um tilkynninguna hefði forstjórinn leitað ráða hjá sér um hvernig væri best að bregðast við. Þeir hefðu átt fund með starfsmönnum Fyrirtækjaskrár og hefði tilgangur hans verið að komast að því hvort það væri hægt að finna einhverja lausn á þessu. Niðurstaðan af þessum fundi hefði verið sú að Fyrirtækjaskrá ætlaði að fella niður þessa tilkynningu og í framhaldi af því ákváðu þeir að verða fyrri til og afturkalla tilkynninguna til að losna við frekari umræðu. Það hefði að vísu misheppnast því að skömmu eftir að lögmaðurinn hafði sent afturköllun felldi Fyrirtækjaskrá skráninguna niður með formlegum hætti.

Forstöðumaður Fyrirtækjaskrár bar að þegar um hækkun á hlutfé væri að ræða kæmi tilkynning um það frá viðkomandi félagi. Í tilkynningunni þurfi að greina frá því hvort hlutfé hafi verið greitt að fullu og raunar sé það svo að það eigi að vera búið að greiða hlutfé þegar tilkynning berst. Ef hlutfé er greitt í öðru en reiðufé þurfi að fylgja með svokölluð sérfræðiskýrsla löggilts endurskoðanda þar sem gerð sé grein fyrir þeim verðmætum sem koma inn í hlutafélagið fyrir hlutféð. Varðandi

tilkynninguna sem hér um ræðir kvað hann hana hafa komið inn síðdegis og sérfræðingar stofnunarinnar hafi ekki verið tiltækir. Þess vegna hafi hún verið lesin yfir af ólöglærðum starfsmanni og skráð. Hann kvað það hafa gefið skýrslunni aukinn trúverðugleika og hún hafi komið frá virtri lögmannsstofu. Síðar hafi stofnunin farið yfir tilkynninguna og komist að þeirri niðurstöðu að hún hafi verið röng og ólögleg og þess vegna hafi hún verið bakfærð.

IV

Í fyrri kafla ákæru er ákærða Lýð gefið að sök að hafa, sem stjórnarmaður í einkahlutafélaginu BBR, brotið vísitandi gegn ákvæðum hlutafélagalaga nr. 2/1995 með því að greiða Exista hf. minna en nafnverð fyrir 50 milljarða nýrra hluta í Exista hf., eins og nánar er rakið ákæruliðnum. Hér að framan var rakinn framburður ákærða og vitna um aðdraganda þess að ákveðið var að auka hlutafé Exista hf. um 50 milljarða nýrra hluta. Þá var og gerð grein fyrir skýrslu endurskoðanda um þessa hækkun og þeirri niðurstöðu hans að kaupverð hlutanna, 1 milljarður hluta í einkahlutafélaginu Kvakki, svaraði að lágmarki til 77,9% hluta í Exista hf.

Með kaupsamningi 8. desember 2008 keypti BBR ehf. framangreinda hluti í Exista hf. og var kaupverðið greitt með framangreindu hlutafé í Kvakki ehf. Ákærði var stjórnarmaður í BBR ehf. og undirritar hann kaupsamninginn fyrir þess hönd. Á honum hvíldu skyldur stjórnarmanns, sbr. IX. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, og auk þess hefur hann komið að rekstri fleiri félaga eins og hann bar sjálfur. Honum hlaut því að vera ljóst að samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga um hlutafélög má greiðsla hlutar ekki nema minna en nafnverði hans. Með því að greiða þannig nefnda fjárhæð fyrir hlutina í Exista hf. braut ákærði gegn þessu ákvæði, enda var honum óheimilt, sem stjórnarmanni í BBR ehf., að greiða minna en nafnverð fyrir þá. Ákærði verður því sakfelldur fyrir það sem honum er gefið að sök í fyrri kafla ákærunnar og er brot hans þar rétt fært til refsíákvæðis. Ákærði framdi brotið 8. desember 2008. Hann var, sem sakborningur, yfirheyrður um málið af lögreglu 27. janúar 2010 og aftur 19. júní 2012. Sök hans er því ófyrnd, sbr. 81. og 82. gr. almennra hegningarlaga.

Í síðari kafla ákæru er ákærðu báðum gefið að sök að hafa skýrt vísitandi rangt og villandi frá framangreindri hækkun á hlutafé í Exista hf. með því að ákærði Bjarnfreður sendi, að undirlagi ákærða Lýðs, tilkynningu þá sem grein var gerð fyrir í II. og III. kafla hér að framan. Ákærðu neita báðir sök. Ákærði Lýður bar að hann hefði fyrst vitað af tilkynningunni er hann var yfirheyrður af sérstökum saksóknara í júní 2012. Ákærði Bjarnfreður kvað tilkynninguna ekki hafa verið senda að undirlagi meðákærða og hefðu þeir ekki verið í samskiptum vegna hennar. Engin vitni hafa borið um aðkomu ákærða Lýðs að því að semja eða senda nefnda tilkynningu og engin

önnur gögn styðja við fullyrðingu ákærvaldsins um að tilkynningin hafi verið send að undirlagi ákærða. Samkvæmt þessu er ósannað að ákærði Lýður hafi átt þátt í að semja eða senda tilkynninguna eins og honum er gefið að sök. Þegar af þeirri ástæðu verður hann sýknaður af síðari lið ákærunnar.

Í I. kafla hér að framan var rakið hvað ákveðið var á stjórnarfundum Exista hf. 4. desember 2008 um hlutafjáraukningu í félaginu og hvernig að henni var staðið og fyrir hana greitt. Þá var og gerð grein fyrir skýrslu endurskoðanda hjá Deloitte, en hún fylgdi tilkynningunni til Fyrirtækjaskrár. Í tilkynningunni, sem ákært er út af, kemur ekki annað fram en það sem gerðist á nefndum stjórnarfundum. Hlutverk ákærða, sem lögmanns, var að tilkynna til Fyrirtækjaskrár það sem umbjóðandi hans hafði gert og hann hafði verið beðinn um. Í tilkynningunni kom fram það sem gerst hafði varðandi nefnda hækkun hlutafjár, auk þess sem með tilkynningunni fylgdi skýrsla endurskoðanda þar sem mun nákvæmari grein var gerð fyrir málinu. Það er því ekki hægt að fallast á það með ákærvaldinu að ákærði hafi skýrt rangt og villandi frá hækkuninni. Þvert á móti skýrir tilkynningin og skýrsla endurskoðanda frá því sem gerðist. Hér að framan var því lýst hvernig Fyrirtækjaskrá tók á málinu í upphafi og svo síðar, en það er úrlausn þessa máls óviðkomandi. Samkvæmt þessu verður ákærði Bjarnfreður sýknaður af ákærinni.

Ákærði Lýður var sektaður fyrir umferðarlagabrot 2010. Honum verður því gerður hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga að samkvæmt margnefndri skýrslu endurskoðanda Deloitte var verðmæti það, sem BBR ehf. greiddi fyrir eignarhlutinn í Exista hf., sannvirði og hefur því mati ekki verið hnekk. Þá hafa engar bótakröfur verið hafðar uppi í málinu. Að þessu athuguðu er refsing ákærða nú hæfilega ákveðin tveggja milljóna króna sekt með vararefsingu eins og í dómsorði segir.

Samkvæmt framangreindum málsúrslitum verður ákærða Lýð gert að greiða málsvarnarlaun verjanda síns að hálfu en að hálfu skulu þau greidd úr ríkissjóði. Málsvarnarlaun verjanda ákærða Bjarnfreðar skulu greidd úr ríkissjóði. Málsvarnarlaun eru ákvörðuð með virðisaukaskatti.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D Ó M S O R Ð :


Ákærði, Lýður Guðmundsson, greiði 2 milljónir króna í sekt og komi 60 daga fangelsi í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna.

Ákærði, Bjarnfreður Ólafsson, er sýknaður af kröfum ákærvaldsins.

Ákærði Lýður greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Gests Jónssonar hrl., 10.900.000 krónur, að hálfu en að hálfu skulu þau greidd úr ríkissjóði.

Málsvarnarlaun verjanda ákærði Bjarnfreðar, Þorsteins Einarssonar hrl.,
3.000.000 króna, skulu greidd úr ríkissjóði.

Arngrímur Ísberg



Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómi Reykjavík 30. maí 2013